

**Nr. 045 / 12 Greifinn SK 19****Vélarvana og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. 6405  
Smíðaður: Hafnarfirði 1982, plast  
Stærð: 5,3 brl. 4,3 BT  
Mesta lengd: 7,71 m Skráð lengd: 7,49 m  
Breidd: 2,49 m Dýpt: 1,51 m  
Vél: Volvo Penta 119 kW, 1993  
Fjöldi skipverja: 1



Greifinn ©Jón Páll Ásgeirsson

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 4. október 2012 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 21. maí 2012 var Greifinn SK 19 á siglingu í Húnaflóa á leið til hafnar. Veður: A - gola

Þegar komið var undan Reykjaneshyrnu heyrðust skruðningar frá vélarúminu og aðvörunarljós kviknuðu í stjórnborði í stýrishúsi. Skipstjórinn stöðvaði strax vélina en í ljós kom að reimskífutrissur höfðu losnað og dottið af vélinni. Hann hafði samband við björgunarsveitina á Skagaströnd og björgunarskipið Húnabjörg dró Greifann SK til hafnar.

**Við rannsókn kom fram:**

- að vélin hafði nýlega verið tekin upp og átti að vera í góðu lagi;
- að framan á vélinni voru tvö trissuhjól með reimum á sama öxli fyrir rafal og dælur en þar er einnig demparahjól til að taka við titring af þeim. Sama festing er fyrir bæði trissuhjólin á kónstykki, sem fest er með einum bolta í miðju öxulsins, en á það eru þau fest með sex 8 mm boltum með O-hringjum undir boltahausunum. Það voru þessir boltar sem losnuðu en þeir höfðu verið hertir og gengið frá þeim í viðgerðinni;
- að samkvæmt viðgerðaraðila er ekki ljóst hvers vegna boltarnir losnuðu en áriðandi væri að fylgjast með svona nýjum frágangi. Fram kom að það sem gæti hafa valdið þessu væri annað hvort að hjólin hafi orðið fyrir höggi í flutningum eða boltarnir mis- eða ofhertir.

**Nefndarálit:**

Nefndin telur sennilegt að bilunina megi rekja til ófullnægjandi frágangs við upptekt vélarinnar.